



Reykjavík, 10. október 2022
VEL22090271

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots

Á fundi velferðarráðs þann 5. október 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots:

Lagt er til að samningsupphæð við Rótina um rekstur neyðarskýlis fyrir húsnæðislausar konur verði aukin um 8,5 m.kr. á ári frá núgildandi samningi til að hægt verði að mæta starfsmati sem leiddi til launahækkana. Óskað er eftir að breytingin taki gildi frá og með 28. apríl 2022 eða frá þeim tíma er starfsmatið á starfi við þjónustu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubætur var samþykkt.

Aukinn kostnaður á árinu 2022 yrði 5,7 m.kr. en 8,5 m.kr. á ári eftir það. Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllt

Dís Sigurgeirsdóttir

starfandi sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots, ásamt fylgiskjöllum, lögð fram á fundi velferðarráðs 5. október 2022.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni tillögu: Viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots

Lagt er til að samningsupphæð við Rótina um rekstur neyðarskýlis fyrir húsnæðislausar konur verði aukin um 8,5 m.kr. á ári frá núgildandi samningi til að hægt verði að mæta starfsmati sem leiddi til launahækkana. Óskað er eftir að breytingin taki gildi frá og með 28. apríl 2022 eða frá þeim tíma er starfsmatið á starfi við þjónustu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt.

Aukinn kostnaður á árinu 2022 yrði 5,7 m.kr. en 8,5 m.kr. á ári eftir það. Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 var samþykkt tillaga sviðsstjóra um að Rótinni verði falið að reka neyðarskýli fyrir konur (Konukot) að Eskihlíð til 3ja ára. Gildistími samningsins er til 1. október 2023.

Á fundi þann 8. desember 2021 samþykkti velferðarráð tillögu sviðsstjóra um að samningsupphæðin við Rótina yrði aukin um 29 m.kr. Hætt yrði að reiða sig á framlag sjálfbóðaliða og breytingar gerðar á vaktaráætlun því fylgjandi. Að auki var bætt við stöðu teymisstýru og breytingar gerðar á launaröðun forstöðukonu vegna þeirrar þjónustu sem starfsmenn munu veita konum sem búa í smáhúsum í nágrenni Konukots.

Þann 29. ágúst 2022 barst erindi frá Rótinni þar sem óskað er eftir því að Reykjavíkurborg geri viðaukasamning við Rótina vegna breytinga á starfsmati starfsfólks í málaflökki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, sem valda ófyrirséðum kostnaði á launum í Konukoti. Rótin er með kjarasamning við Eflingu þar sem félagið er skuldbundið að fylgja samningum Reykjavíkurborgar fyrir fólk í sömu störfum. Því er ljóst að félagið er skuldbundið til að greiða starfskonum þær hækkningar á launaflokkum sem starfsmatsnefnd hefur ákveðið og einnig aftur í tímann. Þessar breytingar á launum ásamt aukahækkun í apríl, svokölluðum hagvaxtarauka, valda því að launakostnaður er nokkrum milljónum hærrí en útreikningar Rótarinnar gerðu ráð fyrir á þessu ári og því næsta.

Félagið stendur frammi fyrir þeim vanda að ekki er ákvæði í samningi Rótarinnar við Reykjavíkurborg sem tryggir að greiðslur til Rótarinnar vegna launa starfskvanna í Konukoti fylgi breytingum á lögbundnum greiðslum skv. taxta Eflingar og tryggi þar með að starfskonur í Konukoti njóti sömu kjara og starfsfólk í gistiskýlum sem rekin eru fyrir karla á vegum Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg

Rótin óskar eftir því að Reykjavíkurborg geri viðaukasamning við Rótina sem tryggir greiðslur í samræmi við kjarasamninga Eflingar. Ef ekki nást samningar segist Rótin ekki sjá fram á að félagið geti tryggt starfsemi í Konukoti og því gæti komið til uppsagnar á samningi.

Fylgiskjal:

Erindi Rótarinnar, dags. 30. september 2022.

Jafnréttisskimun, dags. 30. september 2022.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	30. september 2022
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	
Þjónustubáttur:	Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustubarfir
Stofnun/kostn.st.:	F3270
Fjárhæð:	5,7 m.kr. á árinu 2022 en 8.5 m.kr árið 2023 á ári eftir það
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmið tillögunnar er að tryggja starfskonum Rótarinnar laun á grundvelli breytinga á starfsmati starfsfólks í málaflokki heimilislausrar með miklar og flóknar þjónustubarfir.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Verið er að stuðla að jafnrétti með því að laun starfskvenna í neyðarskýli fyrir konur verði metið út frá sömu forsendum og þeirra starfsmanna sem starfa við neyðarskýli Reykjavíkurborgar.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Starfskonur Rótarinnar sem starfa í Konukoti á grundvelli samstarfssamnings Rótarinnar og velferðarsviðs sem rennur út í október 2023.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan hefur þau áhrif að starfsfólk sem veitir konum þjónustu hafi sömu laun og starfsfólk sem veitir þjónustu til karla.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Efni: Ósk um viðaukasamning vegna breytinga á starfsmati starfsfólks í málaflokki HMFÞ

Til: Samráðsnefnd Reykjavíkurborgar og Róttarinnar

30. september 2022

Ágæta samráðsnefnd.

Í vor urðu breytingar á starfsmati starfsfólks í málaflokki HMFÞ sem valda ófyrirséðum kostnaði á launum í Konukoti, ekki síst þar sem breytingin er að afturvirk frá því að Róttín tók við rekstrinum fyrir starfskonur í launaflokki 239 og fyrir félagsliða í launaflokki 244 frá 1. janúar á þessu ári. Fyrirspurn til velferðarsviðs gaf þau svör að Reykjavíkurborg teldi sig ekki ábyrga fyrir því að bæta Róttinni þennan ófyrirséða kostnað.

Róttín er með kjarasamning við Eflingu þar sem félagið er skuldbundið að fylgja samningum Reykjavíkurborgar fyrir fólk í sömu störfum. Því er ljóst að félagið er skuldbundið til að greiða starfskonum þær hækkningar á launaflokkum sem starfsmatsnefnd hefur ákveðið og líka aftur í tímann.

Þessar breytingar á launum ásamt aukahækkun í apríl, hagvaxtarauka, valda því að launakostnaður er nokkrum milljónum hærrí en útreikningar Róttarinnar gerðu ráð fyrir á þessu ári og því næsta. Á þessari stundu liggur ekki ljóst fyrir hve há upphæðin er nákvæmlega en við munum taka hann saman á næstu dögum.

Félagið stendur frammi fyrir þeim vanda að ekki er ákvæði í samningi Róttarinnar við Reykjavíkurborg sem tryggir að greiðslur til Róttarinnar vegna launa starfskvenna í Konukoti fylgi breytingum á lögbundnum greiðslum skv. texta Eflingar og tryggi þar með að starfskonur í Konukoti njóti sömu kjara og starfsfólk í gístiskýlum sem rekin eru fyrir karla á vegum Reykjavíkurborgar.

Okkar mat er að það sé eðlileg krafa að Reykjavíkurborg tryggi að konur sem starfa í neyðarskýli fyrir konur njóti sömu kjara og starfsfólk í neyðarskýlum fyrir karla og það í úrræði sem borginni ber lagaleg skylda til að bjóða upp á skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 44/1991.


Reykjavíkurborg hefur fengið jafnlaunavottun og eins og segir í frétt um vottunina hefur borgin „í gegnum árin lagt mikla áherslu á jafnrétti. Innan borgarinnar hefur verið unnið markvisst að því að útrýma kynbundnum launamun og hefur starfsmatskerfið nýst vel í þeirri vegferð undanfarin 15 ár.“ Þá segir einnig að „[m]eð jafnlaunakerfinu er Reykjavíkurborg komin með öflugt verkfæri í hendurnar sem greiðir leiðina enn frekar að markmiðinu um að árið 2021 verði enginn óútskýrður kynbundinn launamunur til staðar hjá borginni, það er að tryggja að konum og körlum séu greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.“

Auðvelt er að rökstyðja það réttlæti sem felst í kröfu Róttarinnar út frá metnaði borgarinnar í jafnlauna- og jafnréttismálum. Róttín er grundvölluð á mikilvægi jafnréttis og mannréttinda og hefur lagt metnað í að bæta starfið í Konukoti, öllum til hagsbóta, bæði gestum og starfskonum, í samræmi við metnaðarfulla stefnu og framkvæmd borgarinnar í málaflokki heimilislauss fólks þar sem miklar framfarir og breytingar hafa orðið á undanförunum árum. Mjög gott samtal og


samstarf hefur verið á milli Rótarinnar og Reykjavíkurborgar með það að markmiði að bæta stöðu heimilislausa kvenna sem fyrir nokkrum árum voru ósýnilegar í kerfinu.

Mikil bót var af þeim breytingum sem urðu við endurskoðun á samningnum við borgina á síðasta ári þegar starfskonur voru ráðnar í stað sjálfboðaliða og teymisstjóri tók til starfa. Þessar breytingar hafa gert gæðastarf í Konukoti mun skilvirkara og skapað aukið jafnvægi í starfinu. Í Konukoti starfar nú metnaðarfullur hópur starfskvenna og stjórnenda sem leggja sig fram við að þróa starfið skv. bestu þekkingu á þjónustu við þær konur samfélagsins sem höllustum fæti standa. Starfskonur finna fyrir auknum þunga í þjónustunni og fjölgun gesta í Konukoti (en það er sama þróun og í gistiskýlum fyrir karla skv. viðtali við Soffíu Hjördísi í fjölmiðlum í gær).

Í samningi við Reykjavík er samið um átta uppábúin rúm og að tekið sé við allt að fjórum konum til viðbótar. Staðan er hins vegar sú að nú er boðið upp á 12 uppábúin rúm í Konukoti auka fjögurra svefnstóla. Í síðustu viku komu 18 konur í hús einn daginn, enda er engri vísað frá vegna plássleysis. Þá hefur álag aukist á starfskonur vegna smáhýsa sem staðsett eru á lóð Konukots.



Mynd 1 - Fjöldi kvenna í Konukoti. Fjöldi nú í ágúst er mældur til 25. 2020 til 2022



Mynd 2 - Fjöldi gistinátta í Konukoti 2020 til 2022. Tölur fyrir ágúst 2022 eru til 25.

Þegar gistinætur í Konukoti eru bornar saman fyrir janúar til júlí hvert ár frá 2020 lítur þróunin svona út:

Ár	Fjöldi gistinátta janúar til og með júlí hvert ár
2020	1728
2021	1761
2022	1968

Ef Róttin getur ekki staðið við skuldbindingar sínar um sömu kjör og Reykjavíkurborg býður starfsfólki sem þjónar körlum í sömu stöðu bætist sá aðstöðumunur ofan á þann aðstöðumun sem birtist í húsnæði úrræða fyrir heimilislauða karla annars vegar og konur hins vegar.

Við lítum svo á að það sé allra hagur að leysa þennan vanda á farsælan hátt og sem fyrst. Það er jafnréttismál, jafnlaunamál og réttindamál að starfskonur í Konukoti fái sambærileg launakjör og starfsfólk Reykjavíkurborgar í málaflöknum. Einnig að þau sem þjóna heimilislausum konum fái sambærileg kjör og þau sem sinna heimilislausum körlum á vegum Reykjavíkurborgar.

Framangreindar hækkanir á rekstrarkostnaði eru forsendubrestur fyrir rekstri Róttarinnar á Konukoti. Til að geta staðið undir þessum aukna kostnaði hefur Róttin ekki annan kost en að tæma gjafareikninga félagsins sem ætlaðir eru til að bæta lífsgæði gestanna í Konukoti og hafa verið nýttir til m.a. að kaupa ný tæki eins og þvottavélar, ísskápa, trausta öryggisskápa, gardínur í allt húsið, og fleira sem bætir umhverfi og öryggi, síðan félagið tók við rekstrinum.

Við óskum því eftir því að Reykjavíkurborg geri við okkur viðaukasamning sem tryggir greiðslur í samræmi við kjarasamninga Eflingar og að viðræður um hann fari af stað sem allra fyrst. Félagið telur þetta sanngjarna kröfu sem tryggir sjálfbærni reksturs neyðarskýlis fyrir konur og kemur í veg fyrir að félagið þurfi að reiða sig á bónbjargir til að eiga fyrir launum starfskvenna.

Ef ekki nást samningar sjáum við ekki fram á að félagið geti tryggt starfsemi í Konukoti. Þá yrði næsta skref að segja samningi við Reykjavíkurborg upp, skv. skilmálum hans í 10. gr., frá 1. nóvember og reksturinn yrði þá afhentur Reykjavíkurborg frá og með 1. febrúar 2023. Öllum starfskonum og öðrum samningum er varða reksturinn yrði þá sagt upp miðað við þá dagsetningu.

Von okkar er sú að samningar takist og að hið góða og árangursríka samstarf Róttarinnar og Reykjavíkurborgar geti haldið áfram með hag heimilislauða kvenna að leiðarljósi.

Fyrir hönd ráðs Róttarinnar,



Kristín I. Pálsdóttir, framkvæmdastjóri og talskona